

Umsögn (umbeðin, innra vinnuskjal)

Umsagnar óskaði: Bæjarráð Mosfellsbæjar
Varðandi: Alþingi

*Alþingi
Erindi nr. P 138/2919
komudagur 28.7.2010*

Nr. erindis: 201006300
Dags.: 28.07.2010
Málefni: Frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun fallvatna og háhitasvæða

Bæjarráð Mosfellsbæjar óskaði eftir umsögn vegna frumvarps til laga um verndar- og nýtingaráætlun fallvatna og háhitasvæða í kjölfar umsagnarbeiðni Alþingis. Umsögnin er hér hjálögð.

Ekki eru gerðar að svo stöddu almennar athugasemdir við innihald frumvarpsins en bent er á nokkur atriði er skýra mætti betur í frumvarpinu.

Í 8. gr. frumvarpsins er greint frá skipan verkefnisstjórnar. Þar kemur fram að ráðherra skipi í verkefnisstjórn (á væntanlega að vera iðnaðarráðherra samanber skýringartexta frumvarpsins). Í næstu málsgrein kemur síðan fram að umhverfisráðherra skipi tvo fulltrúa og mennta- og menningarmálaráðherra tvo og samband sveitarfélaga einn. Iðnaðarráðherra skipar þá væntanlega tvo fulltrúa sem eftir standa en ekki aðra fulltrúa verkefnisstjórnar.

Þar sem um pólitískt skipaða verkefnisstjórn er að ræða þá er þeirri spurningu varpað fram hvort ekki þurfi að skilgreina nauðsynlega fagþekkingu meðlima verkefnisstjórnar með skýrari hætti þar sem verkefnisstjórnin hefur það hlutverk að veita faglegt mat og gera tillögur til ríkisstjórnar.

Fram kemur að ætlunin sé að skipa faghópa með sérfræðingum á viðeigandi sviðum sem fari yfir virkjunaráform hver frá sínum sjónarhóli, meti þá með stigagjöf og geri tillögur til verkefnisstjórnar. Af texta frumvarpsins að dæma er nokkuð óljóst er hvernig stigagjöf vegna ólíkra matsþátta fer fram. Verður stuðst við þann feril sem mótaður hefur verið í tengslum við mat á umhverfisáhrifum eða verður hér um nýtt óháð kerfi að ræða?

Að lokum mætti skilgreina betur samstarf og samvinnu við Orkustofnun í þessum efnum þar sem hlutverk stofnunarinnar er einmitt að vera ráðherra og ríkisstjórn til ráðgjafar varðandi val virkjunarkosta.

Virðingarfyllt.,
Jóhanna Björg Hansen
framkvæmdastjóri umhverfissviðs